

Skipulagsstofnun  
Póroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2008  
Tilvísun: UST20080700150/hj

### Lagning tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness á Akureyri.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvað forsendum ofngreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt lýsingu í tilkynningu um framkvæmdina er fyrirhuguð framkvæmd 1030 m löng tenging milli Baldursness og Krossaness í gegnum athafnasvæði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdasvæðið sé vegstæðið sjálft og um 15 m helgunarsvæði í báðar áttir frá miðlinu brautarinnar og jafnframt að framkvæmdasvæðið verði skilgreint eins þróngt og hægt er og lýst í útboðsgögnum. Áætlað efnismagn er um 25.000 m<sup>3</sup> en ekki liggur fyrir hvert efnið verður sótt, en gefnar eru upp mögulegar námur. Fram kemur að tekið hafi verið tillit til umsagna Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar Akureyrar um fyrsta hluta sömu brautar, þá nefnd Síðubraut, sem lá meðfram fólkvanginum Krossanesborgum með því að færa tengibrautina inn í hverfið.

Umhverfisstofnun tekur undir að með tilfærslu brautarinnar minnka umhverfisáhrif á Krossanesborgir bæði hvað loftgæði og hljóðvist varðar. Það sama gildir um hugsanleg áhrif á vatnsbúskap Hundatjarnar, ekki síst fyrir það að leitast skal við að þetta jarðveg milli vegarins og tjarnarinnar til að tryggja vatnabúskap hennar enn betur. Stofnunin bendir á að þó að um athafnasvæði sé að ræða og ekki gildi neinar sér reglur um hávaða á slíkum svæðum er rétt að athuga við hönnun tengibrautarinnar hvort ástæða er til að grípa til mótvægiságerða vegna hljóðvistar á hæsta punkti tengibrautarinnar, þar sem hún liggur hvað næst fólkvanginum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um efnistöku en bendir á mikilvægi þess að í útboðisgögnum verði skýrt tekið fram að efnistaka skuli vera í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Helgi Jansson  
ráðgjafi

Sigurður Friðrikssdóttir  
Sigurrós Friðrikssdóttir  
fagstjóri